

Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu fyrir Olíudreifingu ehf.

-Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 24. september til 19. nóvember 2015. Athygli Hvalfjarðarsveitar, Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar, Umhverfisvaktararinnar við Hvalfjörð og Olíudreifingar ehf. var sérstaklega vakin á málinu með bréfi, auk auglýsinga í staðarblaði og á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Athugasemdir vegna tillögunar bárust frá einum aðila, þ.e. Hvalfjarðarsveit. Gerðar voru athugasemdir við tiltekna liði tillögunnar sem hér segir og fylgja viðbrögð Umhverfisstofnunar með:

- Varðandi grein 1.5. „Tryggja þarf ábyrgð rekstraraðila gagnvart mögulegri mengun sem gæti uppgötvast síðar allt að 10 árum“.
 - Í grein 1.9 er fjallað um umhverfisábyrgð. Á vefsvæði Umhverfisstofnunar um umhverfisábyrgð er gerð grein fyrir ábyrgðarákvæðum laganna varðandi úrbætur, tryggingar o.fl. Ábyrgð skv. lögnum fynnist ekki fyrr en 30 ár eru liðin frá þeim atburði eða hættu sem um ræðir. Í grein 2.8 er fjallað um tryggingu v. bráðamengunar. Skyld er rekstraraðila að hafa slíka tryggingu allan rekstrartímann. Þessu til viðbótar gilda almennar skaðabótareglur um hugsanlegt mengunartjón.
 - Umhverfisstofnun telur ekki vera lagaheimildir til að setja að eigin frumkvæði ákvæði um tryggingar í starfsleyfi.
 - Eins og fram kemur í svörum vegna greinar 3.1 er gert ráð fyrir sýnatökuáætlun vegna jarðvegs í áætlunum um mögulega rekstrarstöðvun.
 - Það mætti skoða nánar, sé það vilji sveitarfélagsins, hvort ákvæði 25. greinar laga nr. 7/1998 (um hollustuhætti og mengunarvarnir) sem er um eigin samþykktir sveitarfélags gætu átt við um slíka ábyrgð og hvort slík samþykkt myndi fást staðfest hjá umhverfis- og auðlindaráðherra. Ábyrgðartryggingar eru sérstaklega tilgreindar í greininni. Ekki skal fullyrt hér hvort þessi möguleiki kann að vera fyrir hendi og aðkoma Umhverfisstofnunar að slíku máli yrði eingöngu á formi umsagnar um sjálfar samþykktirnar.
- Hvalfjarðarsveit gerir kröfu um að vaktmaður sé í stöðinni allan sólarhringinn, sbr. grein 2.3. Hreyfiskynjari og myndvélabúnaður sé ekki viðunandi eftirlitsbúnaður.
 - Umhverfisstofnun metur það sem svo að umrædd vöktun dugi til ef allur búnaður vinnur rétt og er í lagi. Ekki hefur verið farið fram á slíka viðveru í öðrum starfsleyfum Umhverfisstofnunar fyrir sambærilegan rekstur.
- Gerð er athugasemd vegna greinar 2.4 og sagt að aldrei sé hægt að draga úr reglulegu mengunarvarnaeftirliti eftirlitsaðila vegna þess að rekstraraðili reki innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur.
 - Hér er um að ræða grein í starfsleyfi sem að öllu leyti er tilvitnun í reglugerð. Reglugerðir ganga framár en starfsleyfi. Stofnunin bendir á að ábyrg umhverfisstjórnun hjá rekstraraðila er mikilvæg aðferð til árangurs. Hluti opinbers eftirlits er að hafa eftirlit með skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins

og umhverfismarkmiðum. Bent skal á að Umhverfisstofnun er einnig heimilt að auka tíðni eftirlits ef ástæða er til.

- Óskað er eftir að viðbragðsáætlun sé aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
 - Kostir og gallar þess að hafa viðbragðsáætlanir aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar verða athugaðir nánar á næstunni.
- „Varðandi mengunaróhöpp sbr. grein 2.7 finnst Hvalfjarðarsveit óljóst hvað átt er við með „eins fljótt og kostur er“ og telur nauðsynlegt að setja tímamörk.“ Einnig er rætt að ljóst þurfi að vera hvert feril er í framhaldi af tilkynningu til eftirlitsaðila.
 - Þetta felur í sér að tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er og sé það ekki gert kann það að vera metið sem frávik frá starfsleyfi. Eftirlitsaðili metur þá hvort rekstraraðili hafi brugðist rétt við. Rétt er að minna á að óhöpp geta verið af ýmsu tagi og önnur atriði en þau sem hafa áhrif á umhverfið, t.d. björgun mannlífa og rýming svæðisins, gætu mögulega verið í meiri forgangi en tilkynning til Umhverfisstofnunar.
 - Ferlið á eftir tilkynningu til eftirlitsaðila er mismunandi hverju sinni samkvæmt mati á aðstæðum og þá getur viðbragðsáætlun verið hjálpleg.
- Varðandi grein 3.1: „Óskað er eftir sýnatökuáætlun til staðfestingar á því að neikvæð heildaráhrif á umhverfið séu í lágmarki.“
 - Hér er um markmiðsgrein að ræða sem er tilvitnun í reglugerð.
 - Í áætlun um rekstrarstöðvun kemur fram að þá verður gerð sýnatökuáætlun vegna jarðvegs.
 - Sýni eru einnig tekin fyrir mælingu á olíu úr fráveitu sbr. gr. 4.3 í starfsleyfinu
 - Ef hér er verið að vísa til reglulegrar umhverfisvöktunar eins og fer fram á Grundartangasvæðinu er rétt að taka það fram að olíubirgðastöðvar sem reknar eru á eðlilegan hátt, eru ekki stöðug uppspretta mengunar. Fremur er um það að ræða í þessum stöðvum að koma í veg fyrir mengunaróhöpp.
- Lagt er til að ákvæði um rúmtak lekavarnar fyrir geymana skuli vera 100% af rýmd geymis.
 - Umhverfisstofnun miðar í starfsleyfi við kröfur í reglugerð 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og ákvæðið er í samræmi við reglugerðina. Í gildi eru jafnframt sérstakar kröfur fyrir eldfima vökva sem eru á sviði brunamála. Þó að þessar kröfur séu ekki á eftirlitssviði Umhverfisstofnunar, þá er minnt á þær í starfsleyfinu, þar sem þær fjalla um sambærileg atriði.
- Þörf er talin á að mæla olíu í fráveituvatni að lágmarki einu sinni á ári. Óskað er eftir rökstuðningi Umhverfisstofnunar á því hvers vegna skuli þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti og prófa lekavarnir einungis á 10 ára fresti hið minnsta.
 - Kröfuna um mælingu á olíu í fráveituvatni á þriggja ára fresti ber að skilja í samhengi við grein 3.10 sem vitnað er í í fyrsta punkti í grein 4.3. Þá er bæði átt við hámark olíu í frárennsli en ekki síður yfirferð á sex mánaða fresti.
 - Olíuskiljur eru annars vegar ætlaðar til þess að taka við smávægilegum leka sem getur orðið í starfseminni frá degi til dags og hins vegar til þess að taka við olíuleka vegna óhappa. Hönnun á skilju er þannig á hún skili frárennsli undir 15 mg/kg. Olíuskiljur eru gerðarprófaðar skv. ÍST EN 858. Krafan sem kemur fram í grein 3.10 er að kanna virkni olíuskilju á sex mánaða fresti og tæma hana ef olía er meira 25% af rúmtaki olíurýmis. Þessi krafa er mikilvægasta atriðið í sambandi við það að vera í viðbragðsstöðu gagnvart

olíumengun í frárennsli enda þarf að vera pláss í skiljunni fyrir mögulegt olíuóhapp. Ef allt er í lagi í stöðinni og hún er óhappalaus mun líða langt á milli þess að olíuskilju þurfi að tæma. Til enn frekari staðfestingar um virkni skiljunnar er svo ákvæðið um mælingu á þriggja ára fresti í fráveituvatninu.

- Þrýstiprófanir hafa sýnt fram á að lagnir séu í lagi. Botnþykkt hefur verið fullnægjandi.
- Niðurstöður þrýstiprófana og lekavarnarmælinga ásamt reynslu eftirlitsaðila af rekstri stöðvarinnar hafa ekki gefið tilefni til tíðari prófana og mælinga.
- Ef aðstæður breytast á verri veg mun stofnunin íhuga að beita grein 2.9 í starfsleyfinu sem kveður á um að eftirlitsaðili geti farið fram á tíðari mælingar.

Starfsleyfið gildir til 10. desember 2031. Smávægilegar breytingar voru gerðar frá auglýstri tillögu í samræmi við önnur nýútgefin starfsleyfi og villur leiðréttar. Tilvitnun í reglugerð um að mögulegt sé að Umhverfisstofnun heimili lækkaða rýmd lekavarnar gegn því að tiltæk sé flotgirðing (í grein 3.7) er tekin út úr starfsleyfinu, enda óþörf.

Umhverfisstofnun vill við veitingu starfsleyfisins minna rekstraraðila á að hafa í huga ábyrgð sína í sambandi við fjörunnar í Hvalfirði, en þær eru á náttúruminjaskrá á svæðinu frá olíustöð í austri og að Katanesi í vestri.